

an ákveðins tíma, komi í hennar stað 6 daga einfalt fangelsi. Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, ber að staðfesta dóminn með þessari breytingu á refsingunni. Áfrýjandinn verður og að greiða málskostnað til stefnda fyrir yfirdómi, sem ákveðst 12 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskadur, þó svo, að sektin til landssjóðs sje 20 — tuttugu — krónur og vararetsingin 6 — sex — daga einfalt fangelsi. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Þorvaldi Björnsyni 12 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægt áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1897:

Jón Valdason
 gegn
 Jóni Hjörleifssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjeradi af hreppstjóra Jóni Hjörleifssyni gegn Jóni bónda Valdasynt út af meiðyrðum.

Var dómur kveðinn upp í því fyrir aukarjetti Rangárvallasýslu hinn 14. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að Jón Valdason skyldi greiða 120

kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 24 daga, væri sektin ekki greidd í ákveðinn tíma, og málskostnað með 20 krónum.

Þessum dómi hefur Jón Valdason áfrýjað til landsyfrrjettarins með stefnu 17. febr.mán. þ. á. og krafizt, að dómurinn verði með eða án heimvisunar felldur úr gildi og honum breytt þannig, að hann (áfrýjandi) verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda í máli þessu, og stefndi dæmdur til að greiða allan málskostnað. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í hæflegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Með tilskipun 15. ágústmánaðar 1852, 10. gr., er undirdómaranum gjört að skyldu að leiðbeina málspörtunum; það er, hann á, eins og komizt er að orði í nefndri lagagrein: »að stýra þeirra innbyrðis viðskiptum, að málið tilhlýðilega upplýsist, og sjer í lagi á hann að leiðbeina málspörtunum til að gefa vissar, skilmerkilegar og sannorðar skýrslur um þær kringumstæður, undir hverjum sóknarinnar gildi er komið, og til að útvega þær bevisingar, sem í neitunartilfelli eru nauðsynlegar«.

Undirrjettardómsgjörðirnar í málinu bera það með sjer, að dómurinn alls ekki hefur gætt þessarar skyldu sinnar þrátt fyrir það, þó bádir málspartar beiddust leiðbeiningar hans, og gaf sjálfur málfutningur partanna þó fyllstu ástæðu til að leiðbeina þeim einkum með tilliti til nauðsynlegra sannana.

Það ber því ex officio að dæma hinn áfrýj-
aða dóm ómerkan og að vísa málinu heim aptur
til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsálegging-
ar þannig, að hjeradsdómarinn komi málinu í samt
lag og það var 5. okt. f. á., áður en það var tek-
ið undir dóm, og leiðbeina síðan málspörtunum
til að útvega þau sönnunargögn, skýrslur og skír-
teini, sem nauðsynleg eru til þess að málið verði
nægilega skýrt.

Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum
að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjadi dómur á að vera ómerkur
og vísast málinu heim aptur til nýrrar og
löglegri meðferðar og dómsáleggingar þann-
ig, að undirdómarinn komi málinu í samt lag
og það var 5. okt. 1896, áður en það var
tekið undir dóm, og leiðbeini síðan máls-
pörtunum til að útvega þau sönnunargögn,
skýrslur og skírteini, sem nauðsynleg eru til
þess að málið verði nægilega skýrt.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 21/1897:

Valdimar Ásmundarson
gegn
Þorvaldi Björnssyni.

Dómur:

Með því að áfrýjunarstefnan í máli þessu alls